

**Sb.**

**269. Frávísunartillaga**

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinssyni,  
Jóni Árm. Héðinssyni, Péttri Péturssyni og Stefáni Gunnlaugssyni.

Ríkisstjórnin hefur boðað, að hún hafi í hyggju að lækka niðurgreiðslur og hækka um leið verð á landbúnaðarvörum sem nemur um 350 millj. kr. Kaupgjaldsvísitölu er ekki ætlað að hækka af þessum sökum, svo að launþegar eiga enga kauphækkun að fá vegna þessara hækkana. Er nýgerðum kjarasamningum þar með riftað í reynd. Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna leiðir til þess að koma í veg fyrir þá kjaraskerðingu almennings, sem af þessu mundi leiða, og telur óeðlilegt, að fjárlög séu afgreidd, áður en slík athugun fer fram, auk þess sem gengisbreytingar þær, sem nú eru að eiga sér stað í heiminum, hljóta að hafa áhrif á fjárlögin. Þar eð það hefur oft gerzt áður, að afgreiðsla fjárlaga hefur verið látin bíða fram yfir áramót, þegar sérstaklega stendur á, ályktar Alþingi, að fjárlagaafgreiðslu verði frestað, þangað til Alþingi kemur saman á ný, og samþykkir að vísa fjárlagafrumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.